

**Mál nr. 252/2022**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila : V1 og V2**

**Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.**

**Skráningarnúmer ökutækja: A og B.**

### **Sakarskipting. Sönnun.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 23. ágúst 2022.
2. Bréf V2, dags. 15. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V1, dags. 20. september 2022, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem váttryggð er hjá V1 og B, sem váttryggð er hjá V2 á Geirsgötu, skammt frá gatnamótum við Tryggvagötu. Ökumenn gerðu sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi auk þess sem báðir aðilar skiluðu inn viðbótarupplýsingum til síns tryggingafélags. Í lýsingu eiganda A á tjónsatvikinu segir að áreksturinn hafi orðið við það að bifreiðinni B var ekið hægra megin fram úr bifreiðinni A á einbreiðum vegi og farið utan í vinstri hlið bifreiðarinnar A. Ökumaður B lýsir atvikinu með þeim hætti að bifreiðinni A var ekið á undan B og þar sem akreinin skiptist í tvennt hafi bifreiðin A farið á vinstri akrein og B á þá hægri. Þegar bifreiðarnar voru nokkurn veginn hlið við hlið hafi ökumaður A sett upp stefnuljós og ekið inn í hlið bifreiðarinnar B. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að staða ökutækja í aðdraganda áreksturs væri ósönnuð og var sök því skipt til helminga. M er ósammála þessari niðurstöðu og tilgreinir í málskoti að hann telji sig vera í 100% rétti. Atvikið hafi gerst þar sem Geirsgata er einbreið og hafi ökumaður B reynt að taka fram úr hægra megin sem er í andstöðu við 23. og 25. gr. umferðarlaga.

V1 vísar til teikningar á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynninga ökumanna telur ljós að árekstur hafi orðið áður en Geirsgata skiptist í tvær akreinar. Telur V1 að heimild til þess að aka fram úr ökutæki hægra megin sem fram koma í 2. ml. 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hafi ekki verið uppfyllt. Því megi rekja árekstur bifreiðanna til ógætilegs framúraksturs ökumanns bifreiðarinnar B.

V2 telur að skipta verði sök til helminga þar sem ósannað er um atvik í aðdraganda áreksturs. Ekkert í gögnum málsins styður frásögn annars aðilans umfram hins um atvik máls.

**Álit.**

Engin vitni urðu að árekstri þeim sem hér um ræðir og koma takmarkaðar upplýsingar fram á sameiginlegri ökutækjaskýrslu aðila. Óumdeilt er að bifreiðinni A var ekið á undan bifreiðinni B í aðdraganda áreksturs og að árekstur varð þegar bifreiðin B var komin nánast samhliða bifreiðinni A. Styðja ákomur á bifreiðunum það einnig. Með málskoti fylgdu myndir af ökutækjum á vettvangi og verður ekki annað séð af þeim myndum sem og af sameiginlegri teikningu ökumanna á tjónstilkynningu en að ökumaður B hafi ekið hægra megin fram úr bifreið M áður en Geirsgata skiptist í tvær akreinar. Verður þannig að telja að ökumaður B hafi brotið gegn 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem fram kemur að aka skuli vinstra megin fram úr ökutæki þó með þeirri undantekningu að aka má hægra megin fram úr ökutæki ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Ökumaður B, sem var ekið á eftir ökutæki A, ber sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi mátt aka hægra megin fram úr ökutæki A. Hefur slík sönnun ekki tekist. Ósannað er að ökumaður A hafi beygt til vinstri eða undirbúið greinilega slíka beygju í aðdraganda áreksturs. Verður því öll sök felld á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður bifreiðarinnar B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 18. október 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir